

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1980.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Ástæðan fyrir því, að undirritaðir nefndarmenn í fjárveitinganefnd bregða á það óvenjulega ráð að leggja fram nefndarálit við 3. umræðu fjárlaga, mótast af því sérstaka ástandi, sem nú ríkir í störfum Alþingis.

Samkvæmt IV. kafla laga nr. 13 frá 1979 (sem kölluð hafa verið Ólafslög) er skylt að leggja fram fjárfestingar- og lánsfjáráætlun með fjárlagafrumvarpinu. Í lögnum er jafnframt nákvæmlega lýst, hvaða atriði skuli koma fram í lánsfjáráætluninni.

Undirritaðir fjárveitinganefndarmenn töldu ótækt að afgreiða fjárlög án þess að fá greinargóðar upplýsingar um lánsfjáráætlun yfirstandandi árs. Af þessu til efni lýsti fjármálaráðherra því yfir, að fyrir 3. umræðu fjárlaga mundi lánsfjáráætlun vegna A- og B-hluta fjárlaga verða lögð fram. Var því jafnframt heitið, að það skyldi gert í síðasta lagi að morgni 31. mars, enda ætlunin að 3. umræða færi fram 1. apríl. Á þessu varð sá dráttur, að svo ófullkomin lánsfjáráætlun kom ekki í hendur nefndarmanna fyrr en síðdegis í dag, 31. mars, þannig að komið var í veg fyrir eðlilegar umræður í þingflokkunum og gagnera skoðun fjárveitinganefndar á breyttum forsendum, sem hljótast af lánsfjáráætluninni. Ljóst er, að mikil hækkun er á milli ára eins og sést á eftirfarandi töflu:

Hækkun á lántöku ríkissjóðs vegna A- og B-hluta fjárlaga

Tegund lána	1979 skv. fjár- lögum	1980 skv. lánsfjár- áætlun	Hækkun milli ára
Erlendar lántökur	5 648	21 360	278.2%
Innlendar lántökur	5 074	15 137	198.3%
Samtals lántökur	10 722	36 497	240.4%

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir verulegum niðurskurði á framlögum til fjárfestingarlánasjóða, en lánsfjáráætlun vegna A- og B-hluta fjárlaga nær ekki til fjármögnunar þeirra. Aðrir veigamiklir þættir falla ekki heldur undir A- og B-hluta fjárlaga, en þarf engu að síður að gera skil í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun.

Með tilvísun til fyrra nefndarálits okkar við 2. umræðu fjárlaga, þar sem bent var á ýmsa útgjaldabætti, sem sleppt væri í frv. til fjárlaga, en væntanlega væri ætlunin að gera skil í lánsfjáráætlun, þá er óviðunandi að afgreiða fjárlög án þess að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun liggja fyrir eins og lög mæla fyrir um.

Í dag gerðist það til viðbótar, að tvö mál komu fram á Alþingi, en þau hafa bæði veruleg áhrif á fjárlög. Annars vegar lýsti ríkisstjórnin því yfir, að gengissig yrði hraðara en gert er ráð fyrir í forsendum fjárlagafrumvarpsins. Hins vegar er lagt fram frumvarp til laga um hækkun söluskatts um tvö prósentustig til að afla tekna í ríkissjóð.

Varðandi söluskattshækkunina er ljóst, að tekjur, sem þannig fást, eiga heima innan fjárlaga eins og reyndar fjármálaráðherra hefur óskað eftir. Á sama hátt hlýtur fjárveitinganefnd einnig að þurfa að fjalla um útgjöldin, sem stofnað er til undir því yfirskinu að jafna húshitunarkostnað í landinu, en fara á aðra útgjaldaliði.

Á fundi fjárveitinganefndar í kvöld létum við undirritaðir nefndarmenn bóka eftirfarandi:

„Við undirritaðir nefndarmenn fjárveitinganefndar mótmælum þeim vinnubrögðum ríkisstjórnarinnar að veita ekki fjárveitinganefnd Alþingis upplýsingar um fyrirhugaða lánsfjáráætlun fyrir 1980 í heild fyrir afgreiðslu fjárlaga.

Um mánaðamót mars/apríl er fráleitt að svo mikilvægir þættir lánsfjáráætlunar sem raun ber vitni liggja ekki fyrir við fjárlagaafgreiðslu, sem er svo seint á ferð.

Í lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., segir svo: „Ríkisstjórnin skal leggja fyrir Alþingi fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir eitt ár í senn og skulu þær fylgja fjárlagafrumvarpinu.“

Auk framangreindra athugasemda er því um skýlaust lagabrot að ræða, þegar einungis er lögð fram nú lánsfjáráætlun að því er varðar A- og B-hluta fjárlaganna.“

Af þessum ástæðum og öðrum teljum við undirritaðir ekki koma til greina, að fjárlagafrumvarpið sé afgreitt með óhóflegum hraða, og mótmælum þeim óeðlilega þrýstingi ríkisstjórnarinnar, sem birtist í því, að þessum málum verði þröngvað í gegnum þingið á síðustu dægum fyrir páskahlé. Alþingi á ekki að vera afgreiðslustofnun ríkisstjórnarinnar, sem dregið hefur til síðasta dags að gefa þinginu upplýsingar. Alþingi er því misboðið með vinnubrögðum á borð við þessi.

Að öðru leyti vísum við til nefndarálits okkar, sem við lögðum fram við 2. umræðu málsins.

Alþingi, 31. mars 1980.

Lárus Jónsson,
frsm.

Friðrik Sophusson.

Guðm. Karlsson.